



ÍÞRÓTTABANDALAG  
REYKJAVÍKUR

Borgarstjóri

Dagur B. Eggertsson

Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík 21. apríl 2021

**Efni: Frjálsíþróttahús Laugardalshallar.**

Frjálsíþróttahöll Laugardalshallar var á sínum tíma byggð með þeim formerkjum að til að reka mannvirkið þyrftu að koma til aukatekjur frá ýmsum viðburðum. Þetta fyrirkomulag hefur í aðalatriðum gengið ágætlega þó að stundum hafi, eins og gengur, hitt illa á mikilvæg augnablik í keppnis- eða æfingadagatali frjálsíþróttafólksins.

Í lok þessa mánaðar og fram í byrjun júní er eins og kunnugt er langur tími án frjálsíþróttastarfs í Laugardalshöll þar sem rafleikjamót tekur yfir aðstöðuna samfleytt í 6 vikur. Svo langur tími án aðstöðu sem er svo mikilvæg einmitt á þessum árstíma er afar óheppileg staða. Undanfarin ár hefur borgin leigt tíma í frjálsíþróttahöllinni í maí til þess að hægt sé að halda æfingum í fullum dampi og hefur það gefist vel.

Það er ósk stjórnar Íþróttabandalags Reykjavíkur að borgaryfirvöld taki til skoðunar að hafa maímánuð í Laugardalshöll í fastri leigu og að sett verði skilyrði almennt varðandi útleigu íþrótt- og sýningarhallarinnar fyrir viðburði að þeir séu ekki lengur samfelld en 6-8 daga.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar ÍBR

Frímenn Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri